



Menntaskólinn á Egilsstöðum

**Skýrsla starfshóps um innra mat
við Menntaskólann á Egilsstöðum
2025-2026**

júní 2026

Efnisyfirlit

Almennt um starfið	2
Áfangamat	3
Dagskólanemar	3
Starfsmannakannanir	5
Starfsmannakönnun ME	5
Stofnun ársins	7
Nemendakönnun – Skólapúlsinn	8
Fjarnemakönnun	12
Jarmið	15
Líðan nemenda – jarm	15
Tækni kunnátta - jarm	17
Lykilmatsþættir	20
Kennsla og nám nemenda	20
Álag	21
Samskipti og umsagnir	21
Leiðsagnarmat	21
Skólabragur og gildi í ME	22
Líðan – Þættir úr Skólapúlsi nemenda – gildið gleði	22
Viðhorf og hollusta gagnvart skólanum	23
Jafnrétti meðal starfsmanna og nemenda – gildið jafnrétti	24
Umhverfismál – gildið virðing	24
Vinnustaðurinn ME	24
Starfsandi	24
Tíðni eineltis í starfamannahópi ME	25
Vinnuálag	25
Endurmenntun	26
Markaðssetning og kynning	26
Aðrar tölfræðiupplýsingar	27
Tengsl skólasóknar og meðaleinkunnar	27
Viðmið ráðuneytisins um Innra mat	27
Lokaorð	28

Almennt um starfið

Skólaárið 2025–2026 starfaði sjö manna nefnd um innra mat við Menntaskólann á Egilsstöðum. Nefndina skipuðu Dagur Skírnir Óðinsson, Eyrún Arnardóttir, Elín Rán Björnsdóttir, Marianna Jóhannsdóttir, Sigríður Klara Sigfúsdóttir og Viðar Örn Hafsteinsson, formaður nefndarinnar. Hlynur Ármannsson sat í nefndinni fram að áramótum, en við tók Elín Ása Heiðarsdóttir þegar hann lét af störfum. Elín kom inn í nefndina á öðrum fundi vorannar 2026.

Formaður nefndarinnar sinnti jafnframt verkefnastjórn innra mats, líkt og á fyrri ár. Á skólaárinu voru haldnir alls 28 fundir og nam samanlagður vinnutími nefndarinnar 173 klukkustundum. Fyrsti fundur var haldinn 9. september 2025 og sá síðasti 13. maí 2026. Fundir fóru að jafnaði fram vikulega, með breytilegum tímasetningum í samræmi við skipulag kennslutíma og spanna.

Á skólaárinu voru lagðar fyrir fjölbreyttar kannanir bæði fyrir nemendur og starfsfólk sem tengjast innra mati skólans. Nemendapúls frá Skólapúlsinum var lagður fyrir í október og könnunin Stofnun ársins fór fram í byrjun nóvember. Þá voru lögð fyrir Jörm fyrir bæði nemendur og starfsfólk.

Jafnframt vann nefndin að þróun nýrrar starfsmannakönnunar í kjölfar þess að fyrri framkvæmd slíkrar könnunar fyrir framhaldsskóla var lögð af hjá Vísun.

Að loknu páskafríi var lögð fyrir fjarnemakönnun og áfangamat var sent út á fyrri vörspönn. Á skólaárinu barst jafnframt skipun um innleiðingu gæðaviðmiða í innra og ytra starfi framhaldsskóla. Hafin var vinna við innleiðinguna og lagði Elín Rán Björnsdóttir grunn að því verkefni með markvissri undirbúningsvinnu.

Starf innra mats nefndar gekk vel á skólaárinu. Starfið er komið í nokkuð fastar skorður og unnið eftir plani sem nefndin hefur sett upp.

Áfangamat

Áfangamat er framkvæmt þriðju hverja spönn. Tilgangur áfangamats er að fá upplýsingar um upplifun nemenda af áföngum sem kenndir eru og að kennarar fái upplýsingar um hvernig nemendur meta stöðu sína í áföngum og gangvart kennslunni. Heildarniðurstöður eru birtar á heimasíðu skólans og kennarar fá niðurstöður úr áföngum sem þeir kenna.

Á þessu skólaári var ákveðið að leggja áfangamat eingöngu fyrir dagskólanema og var það framkvæmt á fyrri vörspönn. Ekki var lagt fyrir áfangamat fyrir fjarnema að þessu sinni vegna yfirgripsmikillar fjarnemakönnunar sem að var fyrirhuguð á seinni vörspönn. Samkvæmt áætlun verður áfangamat næst lagt fyrir á seinni haustspönn 2026. Heildarniðurstaða úr dagskóla er mjög góð.


Dagskólanemar

Sendar voru út kannanir til dagskólanema í 508 áföngum á fyrri vörspönn og fengust 335 svör, svörunin er því um 66% sem er svipuð og í síðasta mati (69%).

Niðurstöður úr áfangamatinu voru jákvæðar og nemendur virðast almennt vera ánægðir með kennslu í áföngunum og samskipti við kennara. Um það bil 90-98% dagskólanemenda voru sammála jákvæðum fullyrðingunum sem settar voru fram í matinu. Fullyrðingarnar sem eru hér á myndunum um virkni í kennslustundum og samskipti við kennara eru dæmigerðar fyrir svörun dagskólanema.


Áfangamat dagskóla V26

Ég tek virkan þátt í kennslustundum.



Áfangamat dagskóla V26

Ég skila verkefnum á réttum tíma.



Súluritið Áfangamat dagskóla V26 sýnir að nemendur telja sig almennt taka virkan þátt í kennslustundum. Alls eru 96% annaðhvort sammála eða frekar sammála fullyrðingunni „Ég tek virkan þátt í kennslustundum“, sem bendir til mjög góðrar virkni í náminu.

Niðurstöðurnar sýna einnig að langflestir nemendur skila verkefnum á réttum tíma. Samtals eru 88% sammála eða frekar sammála fullyrðingunni „Ég skila verkefnum á réttum tíma“.

Starfsmannakannanir

Starfsmannakönnun ME


Starfsmannapúlsinn var ekki lagður fyrir í ár eins og síðustu ár. Þess í stað vann innra mat ME nýja könnun sem byggði á lykilmatsþáttum, þörfum í dag og eldri kennslukönnun sem var síðast lögð fyrir árið 2019. Niðurstöður voru að einhverju leiti bornar saman við kannanir frá 2018 og 2019 þar sem það átti við.

Könnunin var send á 55 netföng starfsmanna, en efitrá að hyggja hefði könnunin átt að fara á 49 netföng. Svarhlutfall er því metið 60-67%, eftir því hvora töluna er miðað við. 9 Karlmenn svöruðu, 23 konur og einn starfsmaður merkti við annað. 21 kennari svaraði og 12 í öðrum störfum.

Niðurstöður starfsmannakönnunar 2026 sýna að starfsfólki Menntaskólans á Egilsstöðum líður almennt mjög vel í starfi og að vinnustaðamenning skólans er sterk. Starfsánægja mælist mjög mikil og allir svarendur segjast vera ánægðir eða mjög ánægðir í starfi sínu. Jafnframt kemur fram mikið stolt og tryggð gagnvart skólanum og sterkur vilji til að starfa áfram að starfa við skólann á næstu árum. Mynd 1 sýnir mikla ánægju starfsfólks með starf sitt.



Ánægja með starf sitt




Samanburður við kannanir frá 2018 og 2019 sýna að starfsandi og samheldni hafa þróast í jákvæða átt. Fleiri upplifa nú að þeir tilheyri starfsmannahópnum og starfsfólk upplifir almennt virðingu, stuðning og jákvæð samskipti. Þetta er einn af styrkleikum vinnustaðarins. Mynd 2 sýnir hvernig starfsfólk upplifir starfsanda, samskipti og virðingu á vinnustaðnum.



Starfsandi og samskipti


Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum?



Þrátt fyrir mjög jákvæða heildarmynd koma fram nokkrar áskoranir. Mest áberandi er að starfsfólk upplifir minna starfsöryggi en æskilegt væri, sem er líklega tengt umræðu um fjárhag og skipulagsmál undanfarin misseri. Jafnframt sýna niðurstöður að samskipti við nemendur valda meira álagi en áður og er það sú breyting sem sker sig hvað mest úr í samanburði við fyrri kannanir. Mynd 3 sýnir þróun álags vegna samskipta við nemendur.



Samanburður á mati á álagi vegna samskipta við nemendur




Hluti af skýringum á þessari breytingu varðandi samskipti við nemendur liggur líklega í mjög stórum nemendahópi sem kom inn síðasta haust og hvernig sá hópur hefur verið frábrugðinn fyrri hópum að mörgu leiti. Þessi breyting bendir til að samskipti við nemendur séu orðin stærri álagspáttur en áður og gefur tilefni til frekari skoðunar.

Niðurstöður sýna jafnframt að starfsfólk hefur almennt jákvæða sýn á stjórnun skólans og upplifir stuðning frá stjórnendum. Á sama tíma eru tækifæri til umbóta í upplýsingagjöf, endurgjöf á störf og í faglegri þróun starfsfólks. Þetta er eitt af því sem ætti að skoða með tilliti til umbóta.




Starfsöryggi og vilji til að starfa áfram í ME



Að lokum sýna niðurstöðurnar að starfsfólk er stolt af vinnustað sínum og mælir með honum við aðra. Þessi niðurstaða er ein sterkasta vísbendingin um heilbriggt starfsumhverfi og jákvæða vinnustaðamenningu. Mynd 5 sýnir þær niðurstöður sem best lýsa stolti og jákvæðri upplifun starfsfólks af vinnustaðnum



Stolt og ánægja



Stofnun ársins

Könnunin Stofnun ársins sem lögð er fyrir á vegum Sameykis árlega var lögð fyrir í október til desember 2025. 33 tóku þátt í ME en þeir starfsmenn sem hófu störf að hausti fengu könnunina ekki senda. Listi var tekinn úr Orra og þurftu starfsmenn að vera í ákveðnu starfshlutfalli og hafa verið að störfum bæði vorið 2024 og haustið 2025. ME var Stofnun ársins í flokki meðalstórra stofnana með 40-89 starfsmenn. Heildareinkunn ME var 4,56 af 5 mögulegum, hækkaði um 8 stig á milli ára og hækkaði um 4 sæti. Ef heildarlisti allra stofnana er skoðaður er ME í 9. sæti og er jafnframt í 5. sæti yfir framhaldsskóla landsins. Niðurstöður úr Stofnun ársins eru í takt við niðurstöður Starfsmannakönnunar ME, almennt góðar niðurstöður.

Þeir þættir sem lækka mest milli ára í Stofnun ársins eru Sveigjanleiki vinnu, sjálfstæði í starfi og ýmynd stofnunar, lækkunin er samt milli 0,01-0,05 sem telst ekki marktækur munur. Mest hækkuðum við í launakjörum, jafnrétti og stjórnun – allt þættir sem lækkuðu árið á undan.

Hér fyrir neðan má sjá helstu niðurstöður og samanburð við aðra stofnanaflokka.

Helstu niðurstöður - Samanburður stofnunar við allar stofnanir og stofnanir í sama flokki




Nemendakönnun – Skólapúlsinn


Við framkvæmd nemendakönnunar vetrarins var ákveðið að fara sömu leið og árin á undan, þ.e. að taka þátt í Skólapúlsinum. Könnunin var lögð fyrir nemendur ME í október. Svörunin var mjög slæm til að byrja með en þegar að við fórum að hvetja nemendur og ýta á eftir svörum í lok októbermánaðar þá gekk þetta betur og svörun var fín hjá nemendum þegar upp var staðið. Svarhlutfall var um 78%.

Markmið Skólapúlsins er að mæla þætti sem lúta að námsumhverfi, virkni í námi, líðan og auk þess gefst nemendum tækifæri til að svara opnum spurningum. Einn megin kostur þess að taka þátt í Skólapúlsinum er að skólanum gefst tækifæri til að bera sig saman við aðra framhaldsskóla á landinu. Það var aðal ástæða þess að ákveðið var að taka þátt sjötta árið í röð.


Könnunin var alveg óbreytt frá fyrra ári og engum spurningum bætt við eða teknar út eins og stundum er gert eftir vorkundi Skólapúlsins, þar sem skólarnir og stjórnendur frá Vísium sem eru með Skólapúlsinn ræða saman um mögulegar lagfæringar á könnuninni.




Viðhorf og hollusta kemur sæmilega út en lækkar um rúm 5% á milli ára og en árið á undan hafði þessi þáttur aldrei mælst svo hátt hjá skólanum í Skólapúlsinum.




Stuðningur kennara við nemendur kemur ekki nægilega vel út þrátt fyrir að við séum 0,4 yfir viðmiði. Þessi þáttur hefur ekki mælst undir 6 síðan fyrir árið 2019. Í fyrra þá hafði þessi þáttur mælst 6,6 sem er það hæsta sem við höfum náð en lækkar á þessu ári niður í 5,8 sem segir það að þessu er vert að fylgjast vel með á næsta ári.



Tíðni leiðsagnarnáms kemur svipað út og síðustu ár, lækkar aðeins milli ára en mælist 6,4 sem er það sama og mældist árin 2021. Þar sem við í ME erum að vinna með leiðsagnarnám þá væri gott að sjá þetta aðeins hærra. Í ár erum við 0,6 yfir viðmiði.




Jafnrétti í skólanum lækkar um 0,3 frá fyrra ári og mælist 5,0 sem er það sama og það gerði 2023 þegar þessi þáttur kom inn í könnunina. Við í ME erum 0,3 fyrir ofan viðmiðið. Samkvæmt þessu þá stendur ME vel miðað við aðra skóla hvað varðar jafnrétti í skólanum.





Nýr þáttur kom inn í fyrra árið 2024. Hlutfall þeirra sem hafa notað gervigreind hækka bæði í ME og viðmiðið sem eru aðrir skólar. Við hækkuðum um 7,7% á milli ára og erum í 58,9% á meðan viðmiðið er



62,2% og hækkaði um tæp 16% milli ára. Þetta er þáttur í skólastarfi sem hefur verið mikið í umræðunni og verður gaman að sjá þróun næstu árin.




Formlegar skyldur hvað varða skólann hækka lítillega milli ára og mælast marktækt yfir viðmiði sem hefur lækkað síðustu ár. Við í ME erum á svipuðum stað og síðustu ár í þessum þætti. Það sem hins vegar hækkar mikið milli ára eru formlegar skyldur launuð vinna, heimanám og tómsundur og æfingar. Heimanám hækkar um 2,7 klst, launuð vinna um 3,3 klst og tómsundur og íþróttir um 1,7 klst sem er mun meira en viðmiðið og þessu þarf að fylgjast með þó við stýrum ekki öllum þáttum sem koma ekki beint að skólastarfinu.



Velliðan lækkar áfram og núna um 0,5 milli ára sem er töluvert og hefur lækkað um 0,7 á tveimur árum sem er áhyggjuefni. Velliðan hefur aldrei mælst eins lág hjá okkur í ME og komið niður í 4,3 og niður fyrir viðmiðið sem er í 4,4. Hamingja nemenda í ME fer niður um rúm 10% á milli ára eftir að hafa hækkað síðustu fjögur ár á undan. Við höfum ekki mælst eins lág síðan 2020. Við erum komin niður fyrir viðmiði í bæði hamingju og velliðan, þetta eru þættir sem þarf að huga að og byrja vinnu til að snúa þróun við.



Punglyndi hefur aukist mikið milli ára og hefur aldrei mælst svo hátt áður. Hækkaði um 7% á milli ára tvö ár í röð og er komið í 20,7%. Við erum komin langt fyrir ofan viðmið sem mælist í 13,1% í ár. Kvíði hækkar líka töluvert á milli ára eða um 6,3% og mælist 30,1% sem er það hæsta sem við höfum mælst. Við erum komin upp fyrir viðmið í kvíða í fyrsta skipti. Þessir þættir hafa verið í slæmri þróun síðustu ár og mikilvægt að fara í markvissa vinnu til að snúa þessari þróun við.



Einelti, áreitni og ofbeldi halda áfram að aukast á milli ára og hafa þessir þættir aldrei mælst eins háir hjá okkur í ME. Mælumst langt yfir viðmiði og þróun síðustu ára verið slæm. Skólameistari og stjórnendur eru meðvituð um þessa stöðu og strax var farið í vinnu á skólaárinu til þess að reyna að vinna gegn þessari þróun sem hefur verið síðustu ár.


Í lokin voru opnar spurningar þar sem nemendur fengu tækifæri til að tjá sig um hvað væri gott og hvað væri slæmt við skólann. Það helsta sem var nefn gott við skólann var félagslífið og spanakerfið. Þegar nemendur nefndu hvað væri slæmt við skólann þá var ekkert eitt sem skar fram úr en nokkrum sinnum nefnt mætingar og verkefnatímar.

Fjarnemakönnun

Könnunin var send út á alla fjarnema á seinni vörspönn. Svör fengust frá 76 af þeim 321 sem fengu könnunina senda sem gerir 24% svörun, en það er töluvert lægri svörun en í seinustu fjarnemakönnun.


Nemendur í fjarnámi eru heilt yfir ánægðir með skipulag áfanga og samskipti við kennara og starfsfólk skólans. Tæp 47% nemenda í fjarnámi segjast velja ME vegna spannakerfisins, sem kemur vel út í allri svörun. Rúm 94% þykja fjarnám gott í ME og er það líkt og hefur verið í fjarnemakönnunum fyrri ára. Aðspurð hvort þau gætu mælt með fjarnámi við skólann svara 100% því játandi.

Í heild finnst mér fjarnám í ME vera




Svör við spurningum um Canvas voru jákvæð frá stærstum hluta svarenda, en þó telja um 38% fjarnema sig þurfa að læra betur á kerfið.

Námsvefurinn Canvas



Talsvert hefur verið um tæknilega erfiðleika með Lockdown Browser í þeim áföngum þar sem það er notað, og því var ákveðið að spyrja sérstaklega um það. Um 59% gekk vel að nota Lockdown Browser, en 21% gekk ekki vel. 20% fjarnema höfðu ekki notað Lockdown Browser.


Mér hefur gengið vel að nota Lockdown Browser



Skólastarf þessi misserin litast mikið af notkun gervigreindar. Því var við hæfi að bæta við spurningu um notkun nemenda á gervigreind. Nemendur nýta gervigreindina á fjölbreyttan hátt, en rúm 20% hafa þó aldrei notað hana. Algengast er að nýta hana við hugmyndavinnu og uppsetningu. Enginn hefur látið gervigreind alfarið um að vinna fyrir sig verkefni.

Sambærileg spurning var einnig lögð fyrir nemendur í dagskóla til samanburðar.

Hvernig hefur þú nýtt gervigreind við verkefnavinnu? (Hægt er að velja fleiri en einn valmöguleika)



Jarmið

Jarmið eru mjög stuttar kannanir sem byggja á því sem er í gangi hverju sinni. Skólaárið 2025-2026 fengu nemendur tvær kannanir. Í desember 2025 var lögð fyrir könnun um líðan nemenda við skólann og í apríl 2026 fengu nemendur senda könnun sem sneri að tæknifærni þeirra og hversu góðan undirbúning þau hljóta í grunnskólum.


Líðan nemenda – jarm

Ákveðið var að skoða betur líðan nemenda eftir að niðurstöður skólapúlsins sýndu að líðan þeirra var á niðurleið á milli kannanna.

Í stuttu máli sýndu niðurstöður Jarmsins betri líðan meðal nemenda en könnun Skólapúlsins nokkrum mánuðum fyrr en gripið var til aðgerða í kjölfar hennar til að bæta skólabraginn.


Alls tóku 74 nemendur þátt í könnunni og hér ber að líta helstu niðurstöður

Á heildina litið, hvernig hefur andleg líðan þín verið í skólanum síðustu 2 vikur?



Rúmlega 86% svarenda töldu andlega líðan sína hafa verið mjög góða eða góða síðastliðnu tvær vikur á meðan að um 12% svarenda töldu hana slæma og tveir svarendur merktu við mjög slæma

Á skalanum 1-10 hvernig metur þú alla jafna líðan þína í skólanum? (1 er mjög slæm líðan, 10 er mjög góð líðan)



Þegar nemendur voru beðnir um að meta líðan sína í skólanum á skalanum 0 – 10 var 8 algengasta svarið en lang flestir nemendur meta hana á bilinu 6 – 10.

Einnig voru nokkrar spurningar í könnuninni sérstaklega ætlaðar nemendum á heimavist. Þeim hluta könnunarinnar svöruðu 32 nemendur á heimavist.

Hversu oft upplifðir þú eftirfarandi á heimavistinni síðustu 2 vikur



Nemendur voru beðnir um að svara hversu oft þeir hefðu upplifað ákveðna hluti á heimavist síðustu tvær vikurnar. Svarkostir voru: Mjög oft, oft, stundum, mjög sjaldan og aldrei.

Helstu niðurstöður sýna að flestir nemendur eiga samveru með vinum en þó eru tæplega 20% sem segjast sjaldan eða aldrei hafa upplifað það. Lang flestum kemur vel saman við herbergisfélaga en þetta skólaárið var heimavistin full og því var tví- og þrímennt í öll herbergi. Svefnfriður nemenda mætti vera betri en gott er að sjá hversu góð samskipti nemendur eiga við vistarstjóra.

Almennt virðist þó ríkja gleði á heimavistinni þó vinnufriður gæti verið meiri.


Tækni kunnátta - jarm

Talsverð umræða var meðal kennara í byrjun skólaárs hversu illa tæknilega undirbúnir nemendur koma til náms við skólann.

Ákveðið var því að skoða hversu vel undirbúna nemendur telja sig vera þegar þeir mæta í ME og svo var tekin staða á því hvernig þeir telja stöðu sína vera eftir (mislangt) nám við skólann.


80 nemendur svöruðu könnunni en rúmlega helmingur svarenda var á fyrsta ári.

Frá hvaða grunnskóla útskrifaðist þú?



Bakgrunnur nemenda sem tóku þátt var þannig að rúmlega þriðjungur þeirra útskrifaðist frá Egilsstaðaskóla. Aðrir skólar í sveitarfélaginu Múlaþingi eiga svo umtalsvert af fulltrúum í könnuninni.


Hvernig fannst þér þú vera undirbúin/n varðandi tölvu/tækninotkun þegar þú hófst nám í ME?



Þegar niðurstöður eru skoðaðar sést að alla jafna skortir um fjórðung nemenda undirbúning í grunnfærni líka og skjalavistun eða að senda tölvupóst.

Helst koma nemendur vel undirbúnir í að vinna á Word en Excel undirbúningur er ekkert sérstaklega mikill þar sem tæpur helmingur telur sig illa eða mjög illa undirbúinn að vinna á töflureikninn.


Hvernig telur þú stöðu þína vera í dag í eftirfarandi þáttum?



Þegar nemendur voru beðnir um að meta stöðu sína í sömu þáttum þá má greinilega sjá mjög miklar framfarir. Gott er að muna að könnunin var lögð fyrir í apríl á seinni vor spönn svo nemendur sem svöruðu höfðu þá lang flestir að lágmarki klárað þrjár spannir við skólann.


Greinilegt er þó að færni á Excel er hvað síst af þeim forritum sem spurt var um. Nánast allir svarendur töldu sig góða eða mjög góða í skjalavistun og vinna með tölvupóst sem var ekki staðan þegar þeir komu til náms við skólann.

Telur þú þörf á einhverskonar kennslu/námskeiðum í eftirfarandi?



Þegar nemendur voru beðnir um að svara hvers konar námskeið þeir töldu sig mest þurfa á að halda skoraði Excel, Sway og myndvinnsluforrit hæst.

Hvernig hefur þú nýtt gervigreind við verkefnavinnu? (Hægt er að velja fleiri en einn valmöguleika)



Miklar umræður í skólastarfi hér og víðast hvar annarsstaðar hafa verið í kringum gervigreind og hvernig nemendur nýta sér hana í námi.

Nemendur voru beðnir að svara því hvernig þeir nota hana við verkefnavinnu, spurningakvarðinn er vaxandi frá því að nýta sér ekki gervigreind í að þau noti hana til að fullvinna fyrir sig verkefni. Hægt var að haka við fleira en eitt svar. Þarna sést að 75% nemenda hafa nýtt sér gervigreind í hugmyndavinnu, um helmingur hefur notað hana við uppsetningu, yfirllestur og til að draga saman texta. 30% nemenda segjast hafa notað hana og umorðað svör frá henni en eingöngu tæplega 4% segjast hafa nýtt hana í að fullvinna fyrir sig verkefni. Innan við einn af hverjum tíu nemendum hefur aldrei nýtt sér hana.

Séu þessar niðurstöður skoðaðar er ljóst að lang flestir nýta sér gervigreind í einhverjum mæli, þó það sé misjafnt hvernig þau nota hana.

Lykilmatsþættir


Árið 2022 hófst vinna við gerð lykilmatsþátta sem hugmyndin er að aðstoði Innra matið við að halda utan um lykil tölur, þær nýttar til að setja markmið um framhaldið og gera stefnumiðin betri varðandi ýmsa þætti sem mældir eru. Mikil rannsóknarvinna fór fram, gögn sótt víðsvegar að með hugmyndafræði „KPI’s“ (Key Performance Indicators) að leiðarljósi. Úr varð að nokkuð margir þættir voru að lokum valdir, með þrjá yfirkafla, mikið til þættir sem þegar eru teknir saman en í þessari vinnu myndast tækifæri til að taka þá saman á einn stað, setja markmið og ákveða næstu skref. Vegna breytinga í fyrirlögn starsmannakannana skólaárið 2025-2026 mun fara fram endurskoðun á einhverjum þáttum í haust. Ekki eru því til samanburðartölur í öllum flokkum þetta vorið.

Kennsla og nám nemenda

Í þessum flokki eru þættirnir álag sem metið er í áfangamati, samskipti og umsagnir úr áfangamati ásamt því hversu fljótt kennari skilar umsögn til nemenda. Þá meta nemendur tíðni leiðsagnarmats í Skólapúlsinum. Tekið var út formlegar skyldur í dæmigerðri viku þar sem það þótti ekki bæta við neinu við það sem við þegar vissum. Nemendur meta þar tíma sem fer í bundið nám í skólanum sem við sjáum þegar í stundatöflum.


Álag

Álag er metið í áfangamati en þá svara nemendur því hversu margar klukkustundir þeir nota til að sinna námi í áfanganum fyrir utan bundnar kennslustundir. Markmiðið er að nemendur noti 2-4 klukkustundir í hvern áfanga í samræmi við fjölda verkefnatíma. Við metum það svo að eðlilegt telst að um 60% nemenda séu með 2 klst eða meira í hverjum áfanga. Markmiðinu var náð vorið 2026 þar sem 62% nemenda svara að þeir séu 2 klst eða meira í hverjum áfanga.




Samskipti og umsagnir

Úr áfangamati sem er framkvæmt þriðju hverju spönn meta nemendur hvort kennarinn bregðist vel við athugasemdum og spurningum, hvort samskipti nemandans við kennarann séu góð og hvort kennarinn skili umsögnum fljótt til nemenda. Markmið okkar er að vera yfir 95% ánægju fyrir alla liði. Því markmiði var náð í 2 af 3 þáttum vorið 2026. Ánægja spannaði frá 91% upp í 99%



Leiðsagnarmat

Tíðni leiðsagnarmats er metið í Skólapúlsinum. Matsþátturinn er myndaður úr fjórum spurningum. Markmið ME er að vera heilum yfir landsmeðaltali á hverju ári, enda gefum við okkur út fyrir að vera skóli sem leggur áherslu á leiðsagnarmat. Þetta markmið náðist ekki vorið 2026, en skólinn er engu að síður 0,5 yfir landsmeðaltali.



Skólabragur og gildi í ME

Í þessum þætti eru flokkarnir líðan nemenda sem við tengjum við eitt af gildum ME - Gleði. Þá er viðhorf og hollusta gagnvart skólanum metið úr skólapúlsinum varðandi nemendur, úr foreldrakönnun og úr starfsmannakönnun. Þannig fáum við sjónarmið 3 haghópa ME. Við mælum einnig jafnrétti, bæði hjá nemendum og starfsfólki en jafnrétti er eitt af þremur gildum ME. Þá höfum við umhverfismál inni í þessum flokki líka og tökum þá upplýsingar úr grænu bókhaldi ME. Við tengjum umhverfismálin við þriðja gildi ME - Virðingu.

Líðan – Þættir úr Skólapúlsi nemenda – gildið gleði

Þeir þættir sem voru teknir úr Skólapúlsi er snúa að líðan nemenda eru vellíðan, hamingja, kvíði, einelti og svefnleysi. Markmiðin eru eftirfarandi varðandi þessa þætti

Vellíðan - Sjá hækkun á milli ár næstu 3 árin


Hamingja - Ná hamingju yfir 80% á næstu 3 árum

Kvíði - Halda kvíða undir 25% - var áður 30%

Einelti - Ná tíðni niður um 1% á hverju ári næstu 3 árin


Svefnleysi – Halda undir 30%

Þremur af 5 markmiðum var náð 2025 en engu markmiði var náð vorið 2026. Til að kafa dýpra í líðan nemenda haustið 2025 var gert jarm sem gerði þessu einnig skil að einhverju leiti. Þar mátti sjá bættu líðan nemenda milli kannana.




Viðhorf og hollusta gagnvart skólanum


Þrjú þættir voru valdir undir þessum flokki. Úr Skólapúlsinum eru fimm spurningar sem mynda matsþáttinn viðhorf og hollusta gagnvart skólanum en þar eru nemendur spurðir út í upplifun sína af skólanum. Markmiðið er að vera yfir 78% í ánægju þar næstu 3 árin. Markmiðið hefur ekki náðst síðan 2024.



Spurt var um traust og viðhorf úr foreldrakönnun 2025. Þar eru svör úr fullyrðingunum „ME er góður skóli“ og „Ég ber traust til skólans“ tekin saman. Þeir sem eru mjög sammála og sammála mynda hlutfall ánægðra foreldra. Markmiðið er að vera yfir 95% ánægju foreldra og það náðist vorið 2025 en þessar kannanir eru lagðar fyrir á 3 ára fresti.




Þriðji og síðasti þátturinn af viðhorfum og hollustu gagnvart skólanum hefur verið tekinn úr starfsmannapúlsi en þar er saman tekinn þáttur úr þremur spurningum sem mynda matsþáttinn. Kvarðinn þar er frá 1 og upp í 9 og er markmiðið að vera yfir 6 í árlegum starfsmannapúlsi. Starfsmannapúlsinn var ekki lagður fyrir í ár, og unnið er að því að breyta þessum matsþætti til samræmis við nýja könnun í starfsmannamálum sem innramat ME sér um að framkvæma sjálf.




Jafnrétti meðal starfsmanna og nemenda – gildið jafnrétti

Mælt var jafnrétti í Skólupúlsum í fyrsta skiptið fyrir tilstuðlan innra mats ME. Fyrsta mæling fór fram 2023 og gaf til kynna að ME væri fyrir miðju meðal skóla sem tóku könnunina. Kvarðinn er frá 1-9. Markmið ME er að vera yfir 5.5 á næstu 3 árum en við erum meðvituð um að við gætum þurft að endurskoða markmiðið þegar meiri reynsla er komin á mælingar. Markmiðið hefur ekki enn náðst.



Jafnrétti hefur verið mælt í stofnun ársins í langan tíma og þar eru 6 spurningar sem mynda matsþáttinn. ME náði markmiði sínu að vera yfir 4,5 af 5 mögulegum vorið 2025 og einnig vorið 2026 þegar við náðum 4,7. Höfum aldrei skorað hærra í jafnrétti í könnuninni.



Umhverfismál – gildið virðing


Mælikvarði fyrir umhverfismálin þarfnast endurskoðunar. Engar tölur komið inn í 3 ár.

Vinnustaðurinn ME

Mjög mikilvægt er að halda uppi jákvæðum og góðum starfsanda í ME svo eftirsóknarvert sé að starfa við skólann. Þeir flokkar sem eru í flokkun vinnustaðurinn ME eru Starfsandi, Tíðni eineltis í starfsmannahópi ME, vinnuálag, endurmenntun og markaðssetning og kynning.


Starfsandi

Almenn starfsánægja er í ME og menning þess eðlis að hjálpssemi og jákvætt andrúmsloft einkennir andann. Við höfum notað gögn úr bæði starfsmannapúlsum og Stofnun ársins til að meta starfsandann en þar sem Starfsmannapúlsum var ekki lagður fyrir þarf að endurskoða mælinguna sem var þar. Það verður gert í haust. Starfsánægja mældist mjög góð í starfsmannakönnun ME eins og sjá má í niðurstöðum ofar í skýrslunni.



Tíðni eineltis í starfamannahópi ME


Einelti hefur því miður mælst í könnunum undanfarin ár en ekki hefur verið tilkynnt um slíkt. Stöðugt er unnið að því að bæta félagslegt vinnuumhverfi og reglulega minnst á eineltisáætlun og viðbragðsáætlun. Ekki var mælt einelti í Stofnun ársins en það var mælt í Starfsmannakönnun ME og var enginn sem merkti við að hafa orðið fyrir einelti síðustu 6 mánuði. Afar ánægjulegar niðurstöður og verður vonandi svo áfram.




Vinnuálag

Vinnuálag mælist töluvert í ME. Niðurstöður eru úr Stofnun ársins og Starfsmannapúlsinum frá 2025. Finna þarf aðrar mælingar úr Starfsmannakönnun ME næsta haust svo hægt sé að meta áfram. Markmiðið er að streita og vinnuálag mælist ekki hærra en 25%.

Markmið náðust ekki vorið 2026




Streitueinkenni sem eru mæld í Stofnun ársins hafa lækkað frá 2022 en markmiðið er að vera ofar 80% því að hærri tala þýðir minni streita í þessu tilfalli. Matsþátturinn er byggður upp á 4 spurningum. Markmiði var ekki náð vorið 2026




Endurmenntun

Í öllum stofnanasamningum háskólamenntaðra við ME gilda ákveðin endurmenntunarkerfi þar sem safna þarf 50 stigum til að halda tímabundnu endurmenntunarþrepi á hverju ári. Mjög margir nýta sér þetta kerfi og skiptir það stofnunina miklu máli, svo skólinn megi vera í fremstu röð. Af þeim sem geta nýtt 50 stiga kerfið eru nú 94% sem nýta það. IM setti markmið upp á 90% upphaflega en innramats hópurinn minnkaði það niður í 85% næstu ár. Markmiðið náðist bæði haust 2025 og vor 2026.



Markaðssetning og kynning

Kynning á skólanum skiptir miklu máli í skólastarfinu. Leitast er við að kynna skólann með margvíslegum hætti, opið hús er haldið fyrir nemendur og forráðafólk, farið í skólakynningar og auk þess fer fram fjölbreytt kynning á samfélagsmiðlum skólans. Hér er sýnt hversu stórt hlutfall nemenda af upptökusvæði skólans velur að koma í ME. Haustið 2025 voru 60% nemenda af upptökusvæðinu sem komu í ME, óvenju hátt. Markmiðið er að ná 50%. Upptökusvæðið miðast við Austurland. Ekki er ljóst hvernig niðurstöður verða fyrir haustið 2026.




Aðrar tölfræðiupplýsingar

Við þá vinnu að taka saman og ákveða lykilmatsþætti voru nokkrir þættir sem enduðu utan lykilmatsþáttanna en eru engu að síður teknir saman hér. Meðal þess eru tengsl skólasóknar og meðaleinkunnar.

Tengsl skólasóknar og meðaleinkunnar

Þegar tölur um skólasókn dagskólanema og meðaleinkunn í áföngum skólans eru skoðaðar kemur í ljós nokkur fylgni. Áhugavert er að velja því fyrir sér hvort þessi fylgni sé ávallt til staðar eða hvort hún ráðist einnig af öðrum þáttum, svo sem misjafnri námslegri stöðu árganga eða öðrum utanaðkomandi aðstæðum. Á haustin virðast nemendur jafnan vera með betri mætingareinkunn en á vorin. Skólasóknareinkunn vorið 2026 lækkaði í 5,93 og hefur hún ekki mælst lægri frá því farið var að halda utan um slíkar tölur árið 2019. Mikilvægt er að fylgjast vel með því hvort mæting nemenda heldur áfram að dala og leita þá skýringa á þeirri þróun.



Viðmið ráðuneytisins um Innra mat

Gæðaviðmið framhaldsskóla eru sameiginlegur rammi sem Mennta- og barnamálaráðuneytið hefur sett fram til að styðja við gæðastarf, innra- og ytra- mat og umbætur í skólastarfi. Viðmiðin ná til allra helstu þátta starfseminnar, svo sem náms og kennslu, námsmats, velferðar nemenda, stjórnunar, faglegar forystu, samstarfs og innra mats, og veita skólum skýra mynd af því hvað einkennir öflugt og árangursríkt skólastarf.

Á árinu 2026 hefur Menntaskólinn á Egilsstöðum hafið markvissa innleiðingu gæðaviðmiðanna með því að setja upp excel skjal til að hjálpa okkur að halda utan um verkefnið. Í skjalinu er staða einstakra viðmiða metin, umbótaverkefni skilgreind og framvinda þeirra fylgt eftir. Næstu skref felast í að framkvæma stöðumat á viðmiðunum, greina styrkleika og tækifæri til umbóta og nýta niðurstöðurnar til að styðja við áframhaldandi þróun skólastarfsins. Innleiðingu verður haldið áfram á nýju skólaári.

Lokaorð

Starf IM-nefndar hefur gengið vel skólaárið 2025-2026, nefndin fundaði að jafnaði einu sinni í viku og náði að ljúka öllum þeim verkefnum sem fyrir huguð voru á skólaárinu.

Heilt yfir sýna niðurstöður að ánægja er með starf skólans að hálfu nemenda, foreldra og starfsfólks. Halda þarf áfram markvissu starfi næsta haust og líta sérstaklega í þá þætti sem kemur að líðan nemenda. Jákvæð svörun frá starfsfólki er ánægjuefni eftir frekar erfitt vor rekstri skólans, vonum að samheldni og ánægja í starfi hjálpi til við að snúa þeirri þróun við.

Eins og áður þá þakkar verkefnahópur innra mats nemendum, kennurum og stjórnendum samstarfið á skólaárinu. Með skilningi stjórnenda á mikilvægi þess að fylgja því eftir sem fram kemur í rannsóknum og þátttöku starfsmanna í könnunum teljum við að enn megi bæta gott starf sem unnið er í Menntaskólanum á Egilsstöðum.

Skýrsluhöfundar:

Viðar Örn Hafsteinsson

Elín Rán Björnsdóttir

Dagur Skírniir Óðinsson

Sigríður Klara Sigfúsdóttir

Eyrún Arnardóttir

Elín Ása Heiðarsdóttir

Marianna Jóhannsdóttir